



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 12/2008

Villandi framsetning í auglýsingum BT á vaxtalausum lánum

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til BT, sem er í eigu Árdegis hf., dags. 29. maí 2008, gerði stofnunin athugasemdir við auglýsingar í bæklingi BT með fyrirsögninni „*Vaxtalaus veisla*“. Segir í bréfi stofnunarinnar að í bæklingi BT frá 29. maí sl. sé t.d. boðið til sölu Panasonic 32“ LCD sjónvarp á kr. 99.999- við staðgreiðslu eða með láni með 0% vöxtum með afborgunum að fjárhæð kr. 9.331- á mánuði í tólf mánuði. Sé afborgunarverð lánsins framreiknað er verð sjónvarpsins kr. 111.972- Þrátt fyrir það er tekið fram að vextir séu 0% en á annarri blaðsíðu í bæklingnum segir að inn í útreikning mánaðarlegra greiðslna sé 5,8% skuldaálag, 3% lántökugjald og 250 kr. mánaðarlegur færslukostnaður.

Í bréfinu segir einnig að framsetningin sé að mati Neytendastofu villandi enda megi neytendur ætla að 0% vextir þýði að enginn kostnaður bætist við staðgreiðsluverð. Framsetningin sé því til þess fallin að vera brot á ákvæðum 4. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21/1995 og þar með 6. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nú 14. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Þá var óskað skýringa BT áður en tekin yrði ákvörðun í málinu á grundvelli V. kafla laga nr. 57/2005.

2.

Skýringar BT bárust Neytendastofu með bréfi, dags. 4. júní 2008. Þar lýsir BT furðu sinni á athugasemdum Neytendastofu enda sé það til hagsbóta fyrir neytendur að fá vörurnar án vaxta. BT kappkosti að upplýsa viðskiptavinum sínum um þau kjör sem í boði séu hverju sinni enda komi fram í bæklingi fyrirtækisins að við vöruverð leggist 3% lántökugjald, 250 kr. greiðslugjald á hverja afborgun auk 5,8% skuldaálags. Einnig komi skýrt fram að vextir á greiðslukorti nemi 22,7% og vextir á kortalaus lán séu 23,9%. Þá er því mótmælt að auglýsingin sé villandi eða að

um brot á ákvæðum reglna nr. 21/1995 eða laga nr. 57/2005 sé að ræða. Þá er þess getið sérstaklega að BT muni framlengja tilboðið um ótiltekinn tíma.

II. Niðurstaða

1.

Í máli þessu gerir Neytendastofa athugasemdir við framsetningu BT á auglýsingaherferðinni „*Vaxtalaus veisla*“ þar sem vörur verslunarinnar eru boðnar á svokölluðu BT láni án vaxta. Neytendastofu barst ábending frá neytanda um að lánin bæru samt sem áður ýmsan annan kostnað. Þrátt fyrir að greiða ekki vexti greiðir neytandi 5,8% skuldaálag, 3% lántökugjald og 250 kr. í greiðslugjald af hverri afborgun. Eftir að stofnunin sendi BT erindið hafa borist fleiri ábendingar frá neytendum sem ekki gerðu sér grein fyrir að lánin bæru annan kostnað.

Að mati BT er ekki um villandi auglýsingu að ræða enda beri lánin ekki vexti og fram komi að greiða þurfi skuldaálag, lántöku- og greiðslugjald.

Í erindi Neytendastofu vísaði stofnunin til ákvæða 4. gr. reglna nr. 21/1995 og þágildandi 6. gr. laga nr. 57/2005.

Lagagreinin hljóðar svo:

"Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála."

Ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 21/1995 segir:

„Ef einhverjar upplýsingar eru gefnar í auglýsingum um greiðslukjör eða afborganir skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

4.1 Staðgreiðsluverð.

4.2 Heildarverð sem greiða skal, þ.e. samtala höfuðstóls, vaxta og kostnaðar, miðað við tiltekinn lánstíma“

Í reglum nr. 21/1995 kemur fram að auglýsingar sem ekki uppfylla skilyrði þeirra séu ófullnægjandi og villandi í skilningi 6. gr. laga nr. 57/2005.

2.

Í bæklingi BT kemur fram staðgreiðsluverð hverrar vöru sem og mánaðarleg afborgun miðað við 12 mánaða lánasamning. Mánaðarleg afborgun er stjörnumerkt og á öðrum stað í blaðinu kemur fram í smáu letri að inni í mánaðarlegri afborgun sé búið að reikna 5,8% skuldaálag, 3% lántökugjald og 250 kr. greiðslugjald. Skv. ákvæði 4. gr. reglna nr. 21/1995 ber ávalt að gefa upp heildarverð sem greitt hefur verið fyrir vöruna að loknum lánasamningi þegar vara er auglýst á afborgunum eða öðrum slíkum greiðslukjörum. Stjörnumerking BT er því ekki fullnægjandi.

Á forsíðu bæklingis BT segir að um sé að ræða vaxtalausá veislu og á hverri opnu er tekið fram að vextir, til allt að 12 mánaða, séu 0%. Auk þess er á annarri opnu bæklingisins mynd af BT músinni og talblaðra frá henni þar sem segir „*Engir vextir ekkert vesen*“. Að mati Neytendastofu er í bæklingi BT sett fram með mjög áberandi hætti að lánin beri ekki vexti og með því reynt að draga úr því að lánin beri annan kostnað. Sú framsetning er að mati Neytendastofu mjög villandi.

Með því að birta ekki heildarverð vörunnar sé hún greidd með BT láni og með því að auglýsa vaxtalaust BT lán með villandi hætti telur Neytendastofa BT hafa brotið ákvæði 4. gr. reglna nr. 21/1995. Brjótí auglýsingar ákvæði reglna nr. 21/1995 eru þær villandi og þar með brot á ákvæðum 6. gr. laga nr. 57/2005.

Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa nauðsynlegt að banna BT að auglýsa lán með 0% vöxtum án þess að birta heildarverð vöru þeirrar sem lánið er veitt til að fjármagna kaupin.

III. Ákvörðunarorð:

„Árdegi hf. Skeifunni 17, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæði 4. gr. reglna nr. 21/1995 um verðupplýsingar í auglýsingum og þar með 6. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins með því að auglýsa lán með 0% vöxtum án þess að birta heildargreiðslu lánsins.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. sömu laga bannar Neytendastofa Árdegi hf. Skeifunni 17 að auglýsa lán með 0% vöxtum án þess að birta heildargreiðslu lánsins.

Bannið tekur gildi einni viku eftir birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að banninu mun viðurlögum laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verða beitt.“

Neytendastofa, 11. júní 2008